



//Á döfinni//

//Fréttir frá Laugalandsskóla//

...: Íþróttæfingar Garps á Laugarlandi ...:

Mánudagar

kl. 14:20-15:20 Sundæfing

1.-10. bekkur.

(Þjálfari: Sóley Margeirsdóttir)

Þriðjudagar

kl. 15:00-16:00 Körfuboltaæfing

5.-10. bekkur.

(Þjálfari: Aníta Ólög Jónsdóttir)

Miðvikudagar

kl. 14:00-14:45 Frjálsíþróttæfing

1.-4. bekkur.

kl. 15:00-16:00 Frjálsíþróttæfing

5.-10. bekkur.

(Þjálfarar: Ástþór og Gulli)

Fimmtudagar

kl. 15:00-16:00 Borðtennis

5.-10. bekkur.

(Þjálfari: Bæring J. Breiðfjörð G.)

Föstudagar

kl. 13:25-14:25 Körfuboltaæfing

1.-4. bekkur.

(Þjálfari: Aníta Ólög Jónsdóttir)

Frekari upplýsingar er hægt að finna inni á Facebook síðu félagsins, Íþróttafélagið Garpur



...: Samræmdu prófin ...:

Samræmdu prófin verða lögð fyrir nemendur í 7. bekk fimmtudaginn 24. og föstudaginn 25. september í íslensku og stærðfræði. Vikuna á eftir þreyta nemendur í 4. bekk próf í íslensku, miðvikudaginn 30. og stærðfræði fimmtudaginn 1. október.

...: Réttardagurinn ...:

Réttardagurinn er 24. september og er skóli þann dag. Að sjálf-sögðu fá allir nemendur frí ef þess er óskað. Nemendur í 7. bekk þreyta samræmd próf og verða því í skólanum að minnsta kosti fram til kl. 10:30.

...: Við skólaupphaf ...:

Sextugasta og þriðja starfsár Laugalandsskóla er hafið. Eins og endranær var bæði eftirvænting og gleði meðal kennarahópsins og nemenda að hefja veturinn. Í ár eru þær breytingar á starfsmannahaldi að Jónas Bergmann Magnússon tekur við stöðu aðstoðarskólastjóra. Erla Berglind Sigurðardóttir var ráðinn deildarstjóri sérkennslu, Fjóla Kristín B. Blandon í íslenskukennslu o.fl., og Kolbeinn Ísólfsson í umsjónarkennslu 3. – 4. bekkjar. Herdís Rútsdóttir verður í hlutastarfi sem tónmenntakennari, Helgi Þór Baldurson heldur áfram sem stuðningsfulltrúi og Margrét Gísladóttir kemur í mötuneytið.

Fjórtán nýir nemendur mættu í skólann í haust, þar af 11 í 1. bekk. Við bjóðum nemendur og starfsfólk velkomin til starfa og hlökkum til vetrarins og alls sem við eigum eftir að nema saman. Ekki síður hlökkum við til góðs og ánægjulegs samstarfs við foreldra en það er margsannað að góð samskipti heimila og skóla eru lykill að farsælu námi barnanna okkar.

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að endurnýjun bílaplansins okkar og er það langt komið, búið að malbika og er verið að helluleggja gangstéttar með hitalögn undir.



1. bekkur Laugalandsskóla 2020-2021

Efri röð: Stefán Orri Guðjónsson, Sigrún Ýr Hjartardóttir, Esteban Gabriel O. Gunnarsson og Viljar Breki Víðisson.

Neðri röð: Reynir Logi Þórarinnsson, Guðbjörg Stella Pálmadóttir, Elma Rún L. Traustadóttir, Sigursteinn Ingi Jóhannsson, Þórdís Birna Steindórsdóttir, Jón Guðmundsson og Benedikt Veigar Borgþórsson.

...: Frá bókasafninu á: Laugandi ...

Opnunartímar
bókasafnsins
veturinn
2020/2021 eru:



Mánudagar	kl.08:30 - 09:20 kl.12:10 - 12:45
Þriðjudagar	kl.08:30 - 09:20 kl.12:10 - 12:45
Miðvikudagar	kl.08:30 - 09:20
Fimmtudagar	kl.08:30 - 09:20 kl.12:10 - 12:45 kl.19:30 - 21:30
Föstudagar	kl.09:10 - 09:30

...: Haustball:...

Haustball skólanna þriggja í Rangárvallasýslu auk skólanna í Vík og á Kirkjubæjarklaustri verður haldið fimmtudaginn 15. október á Hvolsvelli.

...: Dansvikan ...

Senn líður að dansvikunni sem er fastur liður við skólann en hún verður 19.-23. október. Að venju kemur Auður Haraldsdóttir til okkar og kennir öllum nemendum dans á hverjum degi í eina viku. Í lok vikunnar er svo foreldrum nemenda á yngsta- og miðstigi boðið að koma á sýningu.



...:Foreldradagurinn:...

Þann 26. október næstkomandi er foreldradagur. Þá koma foreldrar og nemendur í viðtal til umsjónarkennara til að ræða nám barnanna.

...: Skólaíþróttir ...

Íþróttakennsla inni tekur við af sundi þann 27. október.



...: Tjáskiptatækni ...

Á dögnum kom Hanna Rún Eiríksdóttir frá Klettaskóla til okkar með fyrirlestur varðandi óhefðbundin tjáskipti. Tjáskipti snúast ekki bara um upplýsingar eða fyrirmæli, heldur einnig og jafnvel meira, um tilfinningar, líðan, vilja og óskir og ekki síst upplifun af nánd og tengingu við aðra manneskju.



Við getum notað ótal aðferðir við að gefa öðru fólki til kynna líðan okkar, tilfinningar, fyrirætlanir, óskir og hugsanir. Við notum orð, en líka ýmis konar önnur tákn eða merki, látbragð, svipbrigði og hljóð. Þegar fötluð manneskja hefur ekki vald á hefðbundnu máli, tölum við um þessa þætti sem óhefðbundin tjáskipti. Mikilvægt er að hafa í huga að tala ekki fyrir ofan einstaklinga í þessum sporum heldur tala beint til þeirra.

Í Laugalandsskóla er nemandi sem nýtir TMT og fékk nýverið tjáskipta tölvu sem nýtist honum til að eiga í samskiptum og orða þarfir sínar. Innleiðing slíks tækis tekur tíma og þarna á orðatiltækið *æfingin skapar meistarann* vel við. Aðrir nemendur munu einnig fá fræðslu um þetta tæki og eru hvattir til að eiga í samskiptum við viðkomandi nemanda á þennan hátt. Samfélagið allt þarf að taka virkan þátt og bregðast við öllum hans tilraunum til tjáskipta.

...: Veidivötn ...

Þann 9. september fóru nemendur 9. bekkjar í Veidivötn ásamt Sigurjóni og Sverri í Gíslholti. Farið var um svæðið þar sem Ampí gerði tilraun til að búa. Þar voru skoðaðar friðlýstar minjar og hestagjain þar sem bændur geymdu fararskjóta sína meðan á veiði stóð. Það veiddust tveir fiskar hjá okkur í þetta sinn, en samveran er þó alltaf í fyrirrúmi þó gaman sé að ná í fisk.

Hér má líta nokkrar góðar myndir teknar í ferðinni.

